

## Immanuel Kant. Reikað í ritum hans og ritum um hann

Immanuel Kant (1724-1804) er af flestum talinn mesti heimspekingur veraldar síðan á forngríska tímabilinu. Hann var háskólakennari í þýsku borginni Königsberg við Eystrasalt, sem þá var hluti Prússlands. Þessum titli flíkaði hann fyrstur hinna meiri heimspekinga. Í Königsberg bjó hann ókvæntur og barnlaus allt sitt líf og vék að sögn varla af bæ. Margir telja, að Kant hafi valdið straumhvörfum í heimspeki. Sjálfur sagðist hann hafa valdið skilningsbyltingu í heimspeki, áþekkri þeirri, sem Kópernikus olli í stjörnufræði. Trúlega er Kant árgali mikilvægis heimspekinnar fyrir skilning á alþjóðlegum tengslum. Hann er almennt talinn torskiljanlegur. Öðrum virðist hann óskiljanlegur.

„Síðustu tvær aldirnar eða frá útgáfu höfuðrita Kants hafa heimspekingar eytt mikilli orku í að finna botn í og brjóta til mergjar hinar viðamiklu og flóknu hugsanir hans.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie 2. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 639 – lausleg þýðing er mín.)

„Mörgum þykir kenningar Kants vera flóknar og torskildar. Á hitt ber að líta að heimspeki Kants er geysilega öflug.“ - „Kant veitir [...] ákveðið svar við einni af djúpstæðustu gátunum í heimspeki nýaldar, það er að segja gátunni um tengsl vísinda og siðræns veruleika.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. (Stefán Hjörleifsson þýddi.) Háskólaútgáfan 1999, s. 445.)

„Almennt er talið, að Immanuel Kant sé mestur heimspekinga á okkar tímum.“ – „Kant á óumdeilanlega heiðurinn af tvennu; í fyrsta lagi þeirri uppgötvun, að við búum yfir þekkingu, sem byggist ekki á hreinni „rökgreiningu,“ þannig að skilja, að andstæða hennar væri ekki mótsagnakennd í sjálfri sér; í öðru lagi að benda á sjálfsagt gildi þekkingarfræðinnar.“ (Bertrand Russel. The problems of philosophy, Oxford Univ. Press, Oxford 1973, s. 46-47 – lausleg þýðing er mín.)

„Ég held það sé mikil ógæfa að texti Kants skuli vera svona óþarflega erfiður vegna þess að það torveldar skilning á verkum manns sem er kannski mestur allra nútímaheimspekinga, og mörgum reynist ógerningar að skilja hann. Og þetta þýðir að verk hans eru enn, jafnvel eftir tvö hundruð ár, óþekkt svið fyrir flest menntað fólk [...].“ (Bryan Magee. Miklir heimspekingar. (Þýðandi Gunnar Ragnarsson). Hib. Rvk. 2002, s. 195.)

„Ég held ég mundi einkum nefna tvo eiginleika sem veita honum rétt til svona mikillar frægðar. Ég held hann hafi verið óvenjulega skarpskyggn í þeim skilningi að hann gat séð ráðgátu í einhverju sem áður hafði verið talið of sjálfsagt til að beina athygli að. Hann hafði furðulegan hæfileika til að sjá hvar vandamálin voru – og það er ein mesta og dýpsta heimspekilega gáfan – að geta séð að um vandamál er að ræða þar sem engir aðrir sjá nein tormeiki.

Svo er það hinn eiginleikinn – og hann tengist ef til vill akademískri fagmennsku hans – að hann var ákaflega snjall að sjá hvernig allt röksemdafærsluviðið hékk saman – hvernig það sem hann segir um þetta efni eða hitt gæti haft áhrif á það sem hann hafði sagt á einhverjum öðrum stað. ...

Ég verð að segja að hann gerir rithöfunda eins og Locke og Berkeley, og reyndar Hume, þótt þeir séu ágætir, í mínum augum frekar líka áhugamönnum en fagmönnum.“ (Geoffrey Warnock. Bryan Magee. Miklir heimspekingar.(Þýðandi Gunnar Ragnarsson). Hib. Rvk. 2002, s. 195.)

„Kant tileinkaði sér nýtt sjónarhorn til skilnings á siðferði og mannum sem siðvirkja. Frumleiki og djúphygli siðspeki hans er löngu viðurkennd. Hún var rædd í þaula á meðan Kant lifði og síðan hefur gætt nánast viðstöðulauss flæðis gagnrýni og útskýringa.“ (J.B. Sneewind. Autonomy, obligation, and virtue: An overview of Kant's moral philosophy. Paul Guyer (ritstj.). The Cambridge Companion to Kant. Cambridge University Press, 1992, s. 309.)

„Efahyggja Humes kippti stoðunum undan siðferði jafn sem náttúruvísindum. Kant tók sér fyrir hendur að sanna að maðurinn gæti með skynsemina að vopni leitt í ljós fullkomlega nauðsynleg og algild sannindi á sviði siðfræði og náttúruvísinda.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. (Stefán Hjörleifsson þýddi.) Háskólaútgáfan 1999, s. 426.)

„Frumleiki Kants er fólgin í [þeirri staðhæfingu] að við verðum að hugsa okkur að viðfangsefnið verði fyrir áhrifum frá athugandanum. Þegar maður kynnist viðfangsefninu hefur það þegar verið mótað af hætti mannsins, að hugsa og öðlast reynslu. Með þessari kenningu, sem er kjarninn í þekkingarfræði Kants, hefur forsendum allrar þekkingarfræði verið gjörbylt enda er hún sannkölluð „Kóperníkusarbylting“ í heimspeki.“ - „Kant reynir á vissan hátt að bræða saman raunhyggju og rökhyggju.“

„Það sem lagar reynsluna til og mótar hana getur því ekki sjálfst verið komið frá reynslunni. Þess vegna, segir Kant, hlýtur þessi „mótun“ eða „skipulagning“ að eiga sér stað innra með mannum sjálfum.“

„Þar sem viðfangsefnið getur ekki verið það sem mótar reynsluna hlýtur reynslan að mótast af einhverjum eiginleikum athugandans. Þetta er hin byltingin í þekkingarfræði Kants: Það sem lagar og skipuleggur reynslu okkar, þannig að reynslan lúti algildum lögmálum, á upptök sín í sjálfum okkur en ekki í þeim hlutum sem við höfum reynslu af. Kant gengur einfaldlega að því vísu að í þekkingu okkar sé eitthvað nauðsynlegt og algilt.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. (Stefán Hjörleifsson þýddi.) Háskólaútgáfan 1999, s. 428-429.)

„Kant aðhylltist kenningar Newtons [um þróunarlögmálin].“ Hann hugði, að nauðsyn bæri til atburðarásarinnar í veröldinni. En lögin bjóða hvorki boð né bönn (viðurlög).“ (J.B. Sneewind. Autonomy, obligation, and virtue: An overview of Kant's moral philosophy. Paul Guyer (ritstj.). The Cambridge Companion to Kant. Cambridge University Press, 1992, s. 314 – lausleg þýðing er mín.)

„Kant greinir bersýnilega á milli mannsins sem skynsemisveru og sem náttúrveru. Sem skynsemisvera er maðurinn bundinn af algildu skylduboði er birtist sem lög sem rökhusunin knýr hann til að setja sjálfum sér. Sem náttúruvera er maðurinn bundinn þessum lögum enda þótt náttúrlegar hvatir hans kunni að stríða gegn þeim.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. (Stefán Hjörleifsson þýddi.) Háskólaútgáfan 1999, s. 435.)

*Um heimspeki og vísindi (philosophy, science):*

„Til eru fræðimenn sem líta svo á að saga heimspekinnar (bæði að fornu og nýju) sé heimspekin sjálf. Forspjall þetta er ekki ritað handa þeim. Þeir verða að bíða, uns hinir, sem leitast við að ausa úr uppsprettulindum skynseminnar sjálftrar, hafa lokið verki sínu. Þá fyrst kemur röðin að þeim að færa heiminum fregnir af því sem gerst hefur. Ella verður aldrei neitt það sagt sem þeir telja ekki áður hafa verið sagt, [...]“ (Immanuel Kant. Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar. Heimspekistofnun, Rvk. 2008, s.51.)

„Eigi að telja þekkingu til vísinda verður fyrst að vera unnt að tiltaka nákvæmlega hvað greinir hana frá allri annarri þekkingu, með öðrum orðum hver sérkenni hennar eru. Að öðrum kosti sjást hvergi greinilega landamörk vísindagreina og enga þeirra verður hægt að meðhöndla rækilega í samræmi við eðli sitt.“

Á þessum sérkennum, hvort sem þau felast í ólíku viðfangsefni, ólíkum uppsprettum eða ólíkri tegund þekkingarinnar, eða í einhverju þessu, ef ekki öllu saman, hvílir hugmyndin að mögulegri vísindagrein og yfirráðasvæði hennar.“ (Immanuel Kant. Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar. Heimspekistofnun, Rvk. 2008, s. 61.)

„Frumspeki er sú grein sem fæst við hinztu rök eða sértækustu og almennustu eiginleika allra fyrirbæra og hluta. Viðfangsefni Kants sem féll undir frumspeki var markmið og takmarkanir mannlegrar skynsemi og hann áttaði sig á að niðurstöður Newtons skiptu ekki máli fyrir þetta viðfangsefni. (Guðmundur Heiðar Frímannsson. Inngangur. Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 51.)

„Sú eynd sem frumspeki er nú sokkin í meðal allra lærðra þjóða, þrátt fyrir það kapp sem lagt er á öll önnur vísindi, sannar að þessi tími er nú runninn upp fyrir hana. Hin gamla stofnun háskólanna viðheldur enn skugganum af henni.“ (Immanuel Kant. Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar. Heimspekistofnun, Rvk. 2008, s.172.)

„Vísindin eru eftir allt það brölt og bægslagang enn í sömu sporunum og á tímum Aristótelesar þótt tilraunirnar hefðu vafalaust tekist mun betur ef aðeins leiðarvísirinn að sameinandi setningum hefði fundist.“ (Immanuel Kant. Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar. Heimspekistofnun, Rvk. 2008, s.174.)

„Ef við lítum svo á, að verkefni frumspekingsins sé að skapa þekkingarkerfi úr fyrirfram gefnum (a priori), hreinum hugtökum, „má treysta grundvöll frumspekinnar.“ Kant elur þá von í brjósti, að „forskilvitlegar“ athuganir hans [...] muni bregða birtu á gefna þætti þekkingarinnar og leggja grunn að nýrri frumspeki.“

„Frumspekin í hinum nýja búningi,“ segir Kant, er í sjálfu sér „ekki annað en skipulegt yfirlit yfir það, sem hinn hreini skilningur hefur að geyma eins og skoðunarsniðin og hugkvíarnar. Frumspekin á að vera yfirlit yfir þætti sniðsins, sem beitt er til skilnings á veruleikanum. Yfirlitið skal einnig rúma hin gefnu snið, sem siðferðilega mikilvægar athafnir eiga sér rætur í, annars vegar „frumspeki náttúrunnar“ og hins vegar „frumspeki siðferðisins.“ Sameinaðar eru þessar athuganir „það sem í eiginlegum

skilningi er heimspeki. Einvörðungu er leitað visku, en nú með vísindalegum hætti. Vísindin er hin eina færa leið. Þegar sú leið er á annað borð fundin og greiðfær, mun hún ekki gróa til og leiðir okkur aldrei á villigötur.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie 2. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 619-620 – lausleg þýðing er mín.)

*Um manninn og tilvist/tilvera (existence, existenz):*

„Ég segi nú að maðurinn og yfirleitt hver og ein skynsemisvera sé til sem markmið í sjálfri sér, ekki einungis sem tæki sem einn eða annar vilji getur notað að vild sinni, heldur verður alltaf að líta á manninn um leið sem markmið, hvort sem breytni hans snertir hann sjálfan eða aðrar skynsemisverur.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 151.)

„Á hinn bóginn kallast skynsemisverur persónur, því þær eru eðli sínu samkvæmt markmið í sjálfum sér, þ.e. eru eitthvað sem ekki má einungis nota sem tæki og þess vegna setur eðli þeirra öllum geðþótta takmörk að þessu leyti (og er viðfang virðingar).“

„[S]kynsamleg náttúra er til sem markmið í sjálfu sér. Þannig er manninum nauðsynlegt að hugsa sér eigin tilveru og að því leytinu er þetta huglægt lögmál mannlegrar breytni.“

„Nú búa í mannkyninu hæfileikar til meiri fullkomunar, hæfileikar sem eru þáttur af því hlutverki sem náttúran ætlar manneðlinu í okkur sjálfum.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 152-155.)

„Að svo miklu leyti sem maðurinn er skyni gædd og einber skynjanleg vera, þá hlýtur hann að telja sjálfan sig tilheyra skynheiminum, en að svo miklu leyti sem hrein virkni er í honum (þannig að hann viti af henni, án þess að nokkur skynjum komi til), þá hlýtur hann að telja sig tilheyra skilningsheiminum en um þann heim veit hann ekkert frekar.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 187.)

„[S]kynsemisvera [hlýtur] að telja sjálfa sig sem hugsun (og þar með án tillits til óæðri sálargáfna) tilheyra skilningsheiminum en ekki skynheiminum. Hún getur því skoðað sjálfa sig frá tveimur sjónarhornum og þess vegna þekkt tvenns konar lögmál sem sálargáfur hennar og þar með allar athafnir lúta. Hún getur í fyrsta lagi litið svo á sig að hún falli undir náttúrulögmálin (ósjálfræði), að svo miklu leyti sem hún tilheyrir skynheiminum. Og í öðru lagi, að svo miklu leyti sem hún tilheyrir skilningsheiminum, getur hún talið sig falla undir lögmál sem eru ekki reynslulögmál þar sem þau eru óháð náttúrunni og eiga sér forsendur í skynseminni einni.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 188-189.)

„[M]anneskjan telur sig hafa vilja sem ekki lætur skrifa neitt á sinn reikning, sem einungis tilheyrir löngunum og hneigðum, en heldur þvert á móti að með vilja sínum getur hún gert, og hljóti raunar að gera, það sem aðeins verður gert með því að virða að vettugi allar langanir sem skynfærin vekja.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 197.)

*Um gildi og lífsgæði (value, Wert, good):*

„Það sem svarar almennum mannlegum hneigðum og þörfum hefur markaðsverð. Það sem fellur í tiltekinn smekk, án þess þó að svara þörfum, þ.e. veldur ánægju með tilgangslausum leik hugans, hefur tilfinningaverð. En það sem er eina skilyrði þess að eitthvað geti verið markmið í sjálfu sér hefur ekki einungis afstætt gildi, þ.e. verð, heldur hefur það innra gildi, þ.e. göfgi.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 162.)

„[...] Kant færði rök að því, að algjör siðdyggð og endanleg hamingja í tilbót, væru æðstu gæði mannkynsins.“ (Robert N. Johnson. Kant's Moral Philosophy. Stanford Encyclopedia of Philosophy, April 6, 2008.)

*Gagnkvæmni, samskipti og ábyrgð (reciprocity, interaction, responsibility):*

IK lagði sérstaka áherslu á það grundvallaratriði í mannlegum samskiptum að virða sjálfsákvörðunarrétt náungans. Það væri ábyrgð hvers og eins. Christine Korsgaard túlkar Kant í þessum orðum:

„Virðing fyrir náunganum sem góðum og gildum í sjálfum sér, sýnir jafnframt virðingu fyrir sjálfðæmi hans (hennar) og endurspeglast í virðingu fyrir valfrelsi hlutaðeigandi og sjálfsákvörðunarrétti.“ (Christine Korsgaard. Creating the Kingdom of Ends. Paul Guyer (ritstj.). The Cambridge Companion to Kant. Cambridge Univ. Press. 1996, s. 193 – lausleg þýðing er mín.)

„Þegar við stofnum til tengsla af gagnkvæmri ábyrgð, örkum við saman inn á svið hinnar hagvirku skynsemi og setjum konungsríki markmiða hér á jörð.“ (Christine Korsgaard. Creating the Kingdom of Ends. Paul Guyer (ritstj.). The Cambridge Companion to Kant. Cambridge Univ. Press. 1996, s. 212 – lausleg þýðing er mín.)

*Um forskilvitlega hughyggju (transcendental idealism/transcendental philosophy):*

Forskilvitleg hughyggja (sjá: truth, Kritik); sú þekkingarfræðilega kenning (Immanuel Kant), að skilningur hins fróðleiksfúsa (subject) sé mótaður samkvæmt fyrirfram gefnum flokkunarhugtökum, hugkvíum (category) og hugsniði (eða skoðun - anschauung). Þannig sé maðurinn ásækin (active) vera skynjunar og hugsunar, skynsemisvera.

Jafnframt er maðurinn hluti náttúrunnar, náttúruvera, þ.e. hluti reynsluheimsins enku síður en viðfang skynjunar hans, þ.e. það sem ber fyrir augu og eyru, hlutir, fyrirbrigði. Kant gerir greinarmun á hinu forskilvitlegt (tranzendental) og hinu yfirskilvitlega (tranzendent), þ.e. fyrirbæra handan hins skynjanlega heims, handanheimsins.

Þegar hugurinn hefur brotið til mergjar skynjunina eru þekkingardómar felldir. Séu þeir á einni og sömu bylgjulengdinni, þ.e. sé um innbyrðis samræmi að ræða, leiði samþætt skoðun til sama hugtaks, sé hluturinn eða fyrirbærið „hugtekið“ á sama hátt, liggur fyrir hlutbundið gildi dómanna og þar með öðlast þeir óhjákvæmilega eða nauðsynlega algildi. Slíkur dómur gæti verið; snjórinn er hvítur. Gera má ráð fyrir, að langsamlega flestir muni aðhyllast hinn algilda dóm.

Immanuel Kant segir, að í mannseðlinu eða huganum búi ákveðin vitneskja eða þekking (a priori), sem sé óháð reynslu sem slíkri en láti einungis á sér kræla við áreiti eða hræringu fyrirbæra og hluta, þ.e. við að reyna, skilja (a posteriori). Einstaklingurinn er „borgari“ í heimi fyrirbæranna, mótar hann þannig með hugtökum sínum, fyrir sakir atorku skynseminnar.

Höfundur útskýrir þannig í bók sinni: Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar (Heimspækistofnun, Rvk. 2008): „Staðhæfing allrar ósvikinnar hughyggju, frá skóla Eleatanna til Berkeley's biskups, felst í þessum orðum: „Öll þekking sem fæst frá skilningarvitum og reynslu er ekkert nema sýndin tóm, en sannleikur er aðeins í hugmyndum hins hreina skilnings og hreinni skynsemi.“

Lögmálið sem í hvívetna stýrir hughyggju minni er hins vegar þetta: „Öll þekking hluta úr hreinum skilningi einum eða hreinni skynsemi er tóm sýnd, sannleikur er aðeins í reynslu.“ (s. 181)

*Um hugmyndir (ideas):*

Kant „vísar á bug kenningunni um áskapaðar hugmyndir, þ.e. að í huga okkar búi við fæðingu innsæi um heiminn, Guð og sjálf okkur – hugmyndir, sem bíða þess að verða afhjúpaðar og leystar úr læðingi fyrir tilstilli áreita.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie 2. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 584.)

*Um skynjun (sensation, perception):*

„Kant hafnaði því að skynfærunum gætu borizt önnur boð en úr efnisheiminum og ekki gæti verið um það að ræða að skilningarvitin yrðu fyrir áhrifum frá handanheimunum.“ (Guðmundur Heiðar Frímansson. Inngangur. Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 60.)

„Allar skynjanir taka á sig það form sem við veitum þeim. Skynmyndirnar taka á sig form rúms og tíma. Reynslu öðlumst við þá fyrst þegar skynmyndirnar hafa verið felldar undir hugtök, það er að segja þegar skilningurinn með hugkvíum sínum hefur sett svipmót sitt á þær. Reynsluhugtak Kants er þannig að nokkru leyti frábrugðið reynsluhugtaki raunhyggjunnar. Kant gefur sér að auki að þessi grundvallandi form séu þau sömu í öllum mönnum. Öll þekking hlýtur þess vegna að vera mótuð á sama hátt. Í þeim skilningi eru formin algild og nauðsynleg.“ 429

Kant heldur fram: „að þekking okkar á hlutum hljóti alltaf að vera felld í mót rúms og tíma (sem eru skoðunarformin) og orsakalögmálsins (sem er ein af 12 hugkvíum).“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspækisaga. (Stefán Hjörleifsson þýddi.) Háskólaútgáfan 1999, s. 429-430.)

*Um þekkingu (knowledge):*

Þýski heimspekingurinn, Immanuel Kant (1724-1804), hélt því fram, að maðurinn hefði engin tók á því að öðlast eiginlega þekkingu á hinni ytri veröld sem slíkri. Hluti og fyrirbæri nefndi hann „Ding an sich,“ þ.e. hlutina í sjálfum sér. Aftur á móti gætum við á grundvelli skynjunar, reynslu og hugtakasmíðar „hugtekið“ heiminn, smíðað okkur ýmis

konar lögmál um veröldina, þ.á.m. vísindaleg, sem þá endurspegluðu hugmyndaheim okkar en ekki eiginleg hlutlæg eða hlutbundin lögmál.

Hið ytra orkar á okkur, hrífur okkur. Þó er ekki svo að skilja, að hluturinn orsaki skynjunina. Á þessum „mótum“ hins ytra og mannsins virkjast skynhæfni hans. Mannshugurinn er sífellt virkur í skynjun, túlkun og tileinkun. Hugurinn hefur á að skipa ákveðnu flokkunarkerfi. Það er kallað forskilvitlegt (trancedental). Þetta flokkunarkerfi er eins konar snið skynjunarinnar (skynseminnar eða skilningins) og stjórnar úrvinnslu skynáreita. I. Kant heldur því fram, að hugurinn beiti tólf sundurliðunum eða flokkunum við úrvinnsluna eða tileinkunina. Þessum tólf er deilt á fjóra yfirflokka. Í einum þeirra er orsakalögmálið, sem er grundvallarflokkun. Flokkarnir eru kallaðir kvíar (Kategorien). Þar að auki eru tvö hugsnið eða skynsnið (form), tími og rúm. I. Kant telur alla tileinkun eða þekkingu flokkast samkvæmt tíma og rúmi. Snið hugans eru óháð reynslu (a priori), þó ekki meðfædd, ásköpuð. I. Kant láðist að gefa skýringar á tilurð þessara sniða.

Immanuel Kant lýsti tileinkuninni í þrem þrepum. (1) Eins og áður sagði orkar efnisheimurinn á skilningarvitin eða hrífur hugann. Þetta lýsir skynhæfni hugans. (2) Áhrifin eða skynhrifin eru í fyrstu óreiðukennd, ótúlkuð og óúrunnin. Eiginleg tileinkun hefur ekki átt sér stað. Alls konar skynmyndir eða skynhorf flögra fyrir hugskotssjónum. (3) Þá hefst flokkunin samkvæmt hinum forskilvitlegu sniðum, kvíum og þeim hugtakasjóði eða þekkingu sem fyrir liggur. Inntak skynjunarinnar, reynslan, er steypt og mótuð af skilningnum eða skynseminni. Tileinkun hefur átt sér stað, ný hugtök eða lögmál orðin til eða endurbætt.

Hin forskilvitlegu snið hugans kallar I. Kant „hreinleika“ hans, þ.e. hina hreinu skynsemi eða hinn hreina skilning (rein).

*Um gagnrýni (critic, Kritik):*

Immanuel Kant notar orðið „Kritik“ í þrem höfuðverkum sínum; „Kritik der reinen Vernunft (Gagnrýni hinnar hreinu skynsemi – The Critique of pure Reason ), „Kritik dere praktischen Vernunft“ (Gagnrýni hinnar hagvirku/hagfelldu (verklegu) skynsemi – The Critique of Practical Reason) og „Kritik der Urtheilskraft“ (Gagnrýni dómgreindarinnar – The Critique of Judgement).

Gagnrýni hinnar hreinu skynsemi fjallar um heim fyrirbæranna. Þekkingu skilgreinir IK sem sjálfstæðan og algildan dóm um samhengi fyrirbæranna. Þekking getur verið ósönn eða sönn, hún er ýmist óreynslubundinn skilningur eða skilningur grundvallaður á reynslu og skynjun. Frumhugtök skynhæfninnar eru rúm og tími, þ.e. fyrirfram gefin sundurgreining, sem verður við skynjun. Skilningarvitin eru virk, móta og umbreyta/vinna úr hinu skynjaða. Því skynjun án skilnings er blind, en skilningur án skynjunar er harla fátæklegur. Vísindaleg þekking er talin sönn. Þekking er látin í ljósi við dóma. Annars vegar eru skynsemisdómar, sem grundvallast á hugtakagreiningu (analysis) og hins vegar þekkingardómar, sem grundvallast á samþættingu (samtvinnun, sameiningu eða samhverfu (synthesis) hugtaka.

Gagnrýni hinnar hagvirku skynsemi fjallar um hina réttu breytni manna. Hin algildu siðalögmál enduróma rödd guðdómsins; þér ber, þú skalt. Það er hin æðsta skylda

mannsins að fylgja boðum guðdómsins. Guð skapaði heiminn, því eru siðalögmálin ekki siður algild en náttúrulögmálin.

Æðstu gæði lífsins felast í þeirri hamingju, sem einungis má öðlast í fullkominni siðlegri dyggð. Skynsemin skal lúta siðferðisskyldunni, hinn góði vilji lýtur aftur á móti skyldunni; þeim mun betur, þeim mun stærri er dyggðin. Dyggðina skilgreinir IK sem styrk viljans til að breyta eins og skyldan býður, þ.e. hinn siðskyldubundni viljastyrkur. Hinn góði vilji, eða velviljinn, lýsir sér einkum og sér í lagi sem virðing fyrir sveitunganum. Skynsemisverur stjórnast af velviljanum, þ.e. velviljinn er orsakavald slíkrar veru (mannsins). Maðurinn er frjál, sjálfráða. En sjálfræðið er skilyrt skyldubodunum. Þeim lýtur vilji mannsins. Þær lífsreglur um hátterni sem hann setur sjálfum sér eru einungis dyggðugar, lúti þær boði skyldunnar, og öðlist þar með algildi sem hlutlægt siðboð, siðalögmál, þ.e. það boð eða sú skylda, sem maðurinn hvort tveggja óskar að gildi fyrir alla hina endurspegli virðingu fyrir þeim. Þannig ber maðurinn ábyrgð á eign gjörðum.

Gagnrýni dómgreindarinnar fjallar um leitina að tilgangi lífsins, um tilfinningar og fegurð og trú. Fegurðin er á sama hátt og hið góða siðferði mannum áskapað og sönn. Fegurð er sérstaklega fólgin í samræmi og samhljómi.

*Um sálargáfur (abilities):*

Sálargáfurnar telur Kant fjórar; skynjun, skynsemi/skilning og ímyndunarafl, en dómana (tegundir staðhæfingar/tjáningar) þrjá; skynjunardóma, skynsemisdóma og smekksdóma.

*Um dóma, kvíar (judgement, category, categories, Kategorien):*

Hugsanir um eitthvað tiltekið eða staðhæfingar kallar I.Kant dóma. Sumir dómar felast í greiningu (analytical) á hugtökum, þar sem reynslu er ekki þörf til að skera úr um, hvor þeir eru nauðsynlegir og sannir. Það liggur í hlutarins eðli, þ.e. hugtökunum sjálfum, t.d. að piparsveinn sé ógiftur. Slíkur dómur er kallaður sjálfgefinn (a priori) greiningardómur (eða fyrirfram dómur).

Svo eru fleirþættir (synthetic) eða samþættir dómar. Sumir þeirra eru sjálfgefnir, telur Kant. Hann fullyrðir, að þekkingin að baki fullyrðingum búi í huganum. Dæmi: stysta leiðin milli tveggja depla er bein lína; breyting getur einungis átt sér stað fyrir einhverja orsök. Því þurfi ekki reynslunnar við til að skera úr um nauðsyn eða sannleiksgildi slíkra staðhæfinga. Hvort tveggja er morgunljóst öllum mönnum, enda þótt ekki sé stuðst við sjálft efni hugtaksins. En fullyrðingin felur í sér þekkingarauka miðað við hvert hugtak eitt og sér. Svo er önnur gerð margþættra dóma, en til að skera úr um, hvort þeir séu nauðsynlegir og sannir, er reynslunnar þörf. Þeir eru kallaðir margþættir reynsludómar (eftirá dómar) eins og til að mynda; þessi hlutur er þungur eða hlýindin stafa frá sólu.

Sjálfgefna samþættingardóma (a priori synthetic) telur I. Kant að valdi eins konar „Kópernikusarbyltingu“ í heimspekinni. Þannig hafi enginn hugsað áður. Hann ber sér enn á brjóst og fullyrðir að hin forskilvitlegu snið hugans um flokkun skynjana í tíma og rúm, sé grundvöllur stærðfræðinnar. Sé hugkvíunum bætt við – sérstaklega þeirri um orsakahugsun - liggja fyrir grundvöllur að náttúrvísindunum. Og reyndar siðfræðinni og jafnvel frumspekinni einnig.



„Hvað upprunann varðar, eiga dómar ýmist rætur sínar í reynslu og eru gildir eftir, eða þeir eiga rætur sínar í skynseminni, óháð reynslunni, og eru gildir fyrirfram. Hvað inntakið varðar eru dómar ýmist þannig að þeir gera ekkert nema skýra betur tiltekna þekkingu sem áður var fyrir hendi og eru greinandi, eða þeir víkka raunverulega út þekkinguna og eru sameinandi. Með því að sameina þessar tvær flokkanir fáum við út þrjár gerðir sannkallaðrar þekkingar eða dóma: (1) greinandi dóma þar sem aðeins er varpað ljósi á þegar gefna þekkingu, sem þarfnast engrar frekari reynslu, þannig eru allir greinandi dómar fyrirfram gildir; (2) sameinandi efitiráðdóma, þar sem útvíkkun þekkingarinnar byggist á reynslu og (3) sameinandi fyrirframdóma, þar sem meint útvíkkun þekkingarinnar er gild óháð reynslu.“ (Günter Zöllner. Inngangur. Immanuel Kant. Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar. Heimspekistofnun, Rvk. 2008, s. 41.)

Kant segir í áðurnefndu riti: „Það eru aðeins huglægir dómar að herbergið sé hlýtt, sykurinn sætur og malurtin vond. Ég fer ekki fram á að mér finnist þetta ævinlega eða að öllum eigi að finnast hið sama og mér. Þeir tjá einvörðungu samband tveggja tilfinninga við sama einstakling, nefnilega sjálfan mig og það aðeins í skynjunarástandi mínu í þetta skipti. Þess vegna er þeim ekki ætlað að gilda um hlutinn: Dóma af þessu tagi kalla ég skynjunardóma.“

Um reynsludóma er allt annað að segja. Það sem reynslan kennir mér við ákveðnar aðstæður verður hún að kenna mér alltaf og öllum, og gildi hennar takmarkast ekki við einstakling eða ástand hans í eitt skipti. Þess vegna kalla ég alla slíka dóma hlutlæga; eins og þegar ég segi t.d. „loft er eftirgefanlegt“ þá er þessi dómur í fyrstu aðeins skynjunardómur, ég geri ekki annað en tengja tvær kenndir í skilningarvitum mínum. Vilji ég að hann sé reynsludómur heimita ég að þessi tenging sé með skilyrði sem gerir hana algilda. Ég vil sem sagt að ég hljóti alltaf að binda sömu skynjanir saman og að allir hljóti við sömu aðstæður að binda þær saman.“ (Immanuel Kant. Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar. Heimspekistofnun, Rvk. 2008, s. 100-101.)

Í fyrndinni hafi gríski heimspekingurinn, Aristóteles, flokkað setningar manna eða fullyrðingar með ýmsum hætti, t.d. með tilliti til stöðu, stærðar, lögunar og svo framvegis. IK tekur upp hugtakið, en telur sig hafa takmarkað gagn af vinnu forverans og endurbætir hugtakið að eigin sögn. Flokkar þessir eru kallaðir kvíar. (Miklu nær væri að nota orðið, „dilk“, og nota myndlíkinguna; „að draga í dilka.“). Sjálfur segir hann:

„Aristóteles dró saman tíu þvílík hrein frumhugtök undir nafninu kvíar.“ -  
„[H]eppnaðist mér ekki fyrr en eftir langa umhugsun að greina frumhugtök skynhæfninnar (rúm og tíma) tryggilega frá hugtökum skilningsins og aðskilja þau. Við það voru kvíar númer 7, 8, og 9 strikaðar út af listanum. Hinar kom mér ekki að neinu gagni þar eð ekki var að finna neina frumreglu sem hefði getað orðið mér mælistika til að mæla út allan skilninginn og skilgreina aðgerðir hans, sem hin hreinu hugtök hans spretta af, allar með tölu og nákvæmlega.“

„Aðalatriði kvíakerfisins og það sem greinir það frá hinum gamla samtíningi, er ekki var leiddur af neinni frumreglu, og ástæða þess að það eitt verðskuldar að teljast til heimspeki, [...]“ (Immanuel Kant. Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar. Heimspekistofnun, Rvk. 2008, s.125-127.)

Hæfni til að fella dóma er sem sé að dómi IK fyrirfram gefin í eðli skilningsins, skynhæfninnar. Dómar eru settir í fjóra flokka eða kvíar (category); A, B, C (sem er svokölluð yfirkví) og D. Svonefnd rökfræðileg tafla dóma lítur svona út:

Kví A snýst um magn hluta: 1) Alkvæðir eða almennir (universal) dómar, t.d. öll hross eru fjórfætt, 2) sumkvæðir eða sérstakir (particular), t.d. sum hross eru húnvetnsk, 3) einkvæðir eða einstakir (singular) dómar, t.d. Ólafur Thors var forsætisráðherra Íslands.

Kví B snýst um eðli eða eignleika hluta: 4) Staðfestingardómar eða játandi dómar (affirmative), t.d. rigning er blaut, 5) neitunardómar eða neitandi dómar (negative), t.d. hestur er ekki maður, 6) ómælisdómar eða óendanlegir (infinitive), t.d. andinn er ómælanlegur.

Kví C (yfirkví) bendir á samhengi eða vensl hlutanna: 7) fullyrðingardómur eða skilyrðislaus dómur (categorical), t.d. hross eru þyngst allra dýra, 8) skilyrðingardómar eða skilorðsbundnir (hypothetical), t.d. ef vegurinn er hár sækist gangan hægt (án brodda), 9. skilgreiningardómar eða aðgreinandi dómar (disjunctive), t.d. annað hvort eru færeyskir eða íslenskir karlmenn kynþokkafyllstu karlmenn í heimi hér.

Kví D fjallar um hátt fyrirbrigðanna: 10) Tvíræðir eða vafasamir (problematic) dómar, t.d. hugsanlega þykir jólasveininum flatbaka góð, 11) staðhæfingardómar (assertive), t.d. sólin er heit, 12) ótvíræðir eða sannanlegir (apodeitic) dómar, t.d. ég blotna í rigningu (án regnhlífur eða regnfata).

*Um rökhugsun, hug, skynsemi ( logic, mind, Vernunft, logos):*

Rökhugsun skipti Kant í þekkingu, sem býr yfir sköpunarmætti annars vegar og hins vegar skynsemi hugmynda eða hugsýna, sem ná út yfir (transcendental) veröld reynslunnar. Þessar hugmyndir eru eins konar leiðarstjörnur (regulative) þekkingarinnar. Lögmál þekkingarleitarinnar eru þrjú:

(1) Sá, er leitar þekkingar, er einn og samur, óskiptur (sálin). (2) Samhengi orsakar og afleiðingar er órofið (reynslufyrirbærin eða „hitt“ í veröldinni) og (3) frumskilyrðing allra hluta (Guð).

Ofangreindar reglur eða lögmál eru sem slík einnig leiðbeinandi markmið vísindalegrar viðleitni, enda þótt vísindin muni trauðla ná þeim.

Í Forspjallinu útskýrir Kant: „Hlutverk skilningarvitanna er að skoða, hlutverk skilningsins að hugsa. Að hugsa er hins vegar: að binda saman hugmyndir í eina vitund. Sambandið er annaðhvort einstaklingsbundið og þá tilfallandi og huglægt eða skilyrðislaust og er þá nauðsynlegt eða hlutlægt. Sameining hugmynda í einni vitund er dómur. Hugsun er því hið sama og að dæma eða að tengja hugmyndir við dóma yfirleitt. Þess vegna eru dómar annaðhvort huglægir, þá eru hugmyndirnar aðeins tengdar við vitund í einum huga og sameinaðir í honum, eða hlutlægir, þá eru hugmyndirnar sameinaðar í vitund yfirleitt, þ.e. sameinaðar nauðsynlega. Röklegar aðgerðir allra dóma eru þær leiðir sem bjóðast til að sameina hugmyndir í einni vitund. Ef aðgerðirnar þjóna sem hugtök þá eru þau hugtök um nauðsynlega sameiningu hugmynda í einni vitund og þar með frumregla hlutlægra dóma.“ (Immanuel Kant. Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar. Heimspekistofnun, Rvk. 2008, s. 105-106.)

Kant ítrekar í sama riti: „Öll hrein skilningsþekking er með því móti að hugtök hennar gefast í reynslu og reynslan getur staðfest lögmál hennar. Aftur á móti er yfirskilvitleg skynsemisþekking þannig að hugsýnir hennar geta aldrei verið gefnar í reynslu né heldur er hægt að staðfesta eða hrekja setningar hennar með reynslu.“ (Immanuel Kant. Forspjalld að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar. Heimspekistofnun, Rvk. 2008, s. 132.)

*Um náttúrulögmál (laws of nature):*

„Skipan náttúrunnar er [...] mannanna verk. „Skipan og hrynjandi þeirra fyrirbæra, sem við köllum náttúru, gefum við eðli þeirra,“ segir Kant. „Ef svo væri ekki hefðum við aldrei komið auga á hana eða gert okkur grein fyrir henni.“ Því er skilningurinn sjálfur „löggjafi náttúrunnar,“ og án hans væri alls ekki um að ræða nokkra náttúru, „þar eð fyrirbærin sem slík eiga ekki tilvist utan okkar.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie 2. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 584 – lausleg þýðing er mín.)

*Um guð, trúarbrögð (God, religion):*

Velviljinn er kjarni trúarinnar á Guð, sem er í senn alheimsvitund, framhaldslíf og ódauðleg sál.

„Það væri mun erfiðara fyrir okkur að átta okkur á þessum hugmyndum Kants en raun ber vitni ef við þekktum þær ekki þegar í öðru samhengi, þ.e. trúarlegu samhengi. Iðkendur flestra mestu trúarbragða heims trúa því að efnisheimurinn, sem er í tíma og rúmi, sé ekki allur veruleikinn, að einnig sé til annað svið veruleika sem ekki er efnislegt og er óháð tíma og rúmi, en manneskjur geti einungis haft reynslu af fyrra sviðinu en ekki því síðara. Það sem Kant gerir er að færa skynsamleg rök fyrir þessu viðhorfi, eins og heimspekinga er siður, án þess að vísa til Guðs, sálarinnar eða trúar, þannig að maður sem trúir hvorki á Guð né sálina getur haft gildar ástæður til að fallast á það. Kant heldur því fram að einungis með skynsamleg rök að vopni megi sýna fram á mikilvægan, ótrúarlegan þátt þessa viðhorfs. Röksemdafærsla hans og nákvæm greining á hinum ýmsu hliðum málsins er djúptæk og flókin [...], en meginniðurstöður hans eru ekki ókunnuglegar þeim sem þekkir til kristindómsins, [...]“

IK segir: „,, Það er algerlega nauðsynlegt að vera sannfærður um tilvist Guðs, en það er hins vegar ekki alveg eins nauðsynlegt að sanna hana.““

„Kenning Kants um að við getum aldrei vitað með vissu um tilvist hluta sem verkfæri líkama okkar geta ekki fengist við, útlokar þekkingu á tilvist Guðs og ódauðlegra sálna. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þessi hugmynd útilokar ekki tilvist Guðs heldur einungis þekkingu á tilvist guðs. Eins og Kant orðaði það sjálfur, þá útilokaði hann þekkinguna til að skapa trúnni svigrúm. Þessi þáttur í heimspeki hans hefur haft mikil áhrif í sögunni: hann gerði út að við svokallaðar „sannanir“ á tilvist Guðs og malaði þar með mélinu smærra mikið af heimspekihugleiðingum fyrri alda, ef ekki árpúsunda. Eftir daga Kants hafa nánast allir alvarlegir hugsuðir verið á einu máli um að hvorki sé hægt að sanna né afsanna tilvist Guðs.“ (Bryan Magee, Saga heimspekinnar. Mál og menning, 2002, s. 135-136.)

*Lífsregla, skylda, siðboð, skylduboð, dyggð (norm, obligation, duty, virtue, excellence):*

(Neðanmálsgrein:) „Lífsregla er huglæg regla viljans; hlutlæga reglan (þ.e. sú sem hver skynsemisvera gerði að sinni huglægu, verklegu reglu ef skynsemin hefði fullt vald á tilfinningunum) er verklegt lögmál.“

„[Ég]g á aldrei að breyta öðruvísi en þannig að ég geti einnig viljað að lífsregla mín eigi að verða að almennu lögmáli.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 110-111.)

(Neðanmálsgrein:) „Lífsregla er huglæg regla um breytni og gera verður greinarmun á henni og hlutlægri meginreglu, þ.e.a.s.verklegu lögmáli. Sú fyrri inniheldur verklega reglu sem skynsemin setur og hæfa skilyrðum einstaklingsins (oft fáfræði hans eða hneigðum): hún er þannig regla sem einstaklingurinn breytir eftir. Lögmál er aftur á móti hlutlæg regla sem gildir fyrir hverja skynsemisveru; og það er lögmál sem henni ber að breyta eftir, þ.e. skylduboð.“

„[H]ið skilyrðislaus skylduboð aðeins eitt og er þetta: Breyttu einungis eftir þeirri lífsreglu sem þú getur á sama tíma viljað að verði að algildu lögmáli.“

„[Það getur] einnig hljóðað svo: Breyttu eins og lífsregla breytni þinnar ætti á sama tíma að verða að algildu náttúrulögmáli með vilja þínum.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 140-141.)

„Verklega skylduboðið verður því eftirfarandi: Breyttu þannig að þú komir aldrei fram við manneðlið, hvort sem það er í persónu þín sjálfs eða persónu allra annarra, einungis sem tæki heldur ávallt um leið sem markmið.“(Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 153.)

„Í rauninni er öldungis ókleift að finna í veruleikanum óbyggjandi dæmi þess, að lífsregla manns, sem breytir að öðru leyti í samræmi við skyldu, hafi ráðizt einvörðungu af siðferðisástæðum og hugsun hans um skyldu sína. Reyndar er það stundum svo, að í ströngustu sjálfsrannsókn finnum við enga aðra hvöt sem hefur getað verið nægilega sterk til eins eða annars góðverks og til svo mikilla fórna en siðferðilega skyldu manns; en við getum ekki með vissu dregið þá ályktun af þessu, að það hafi ekki verið dulin eigngirni sem í rauninni hafi, undir einberu yfirskini Hugmyndarinnar um skyldu, verið orsökinn sem viljinn hafi raunverulega ráðizt af. Okkur hættir mjög til að hæla okkur af göfugri hvötum en við eigum tilkall til, en þegar allt kemur til alls getum við aldrei, jafnvel ekki með ítarlegustu rannsókn, áttað okkur á dulnum driffjöðrum okkar.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s.118.) (Psychoanalysis, psychology.)

„Ég skal fallast á það af manngæzku að flest verk okkar komi heim við skyldu; en ef við hyggjum nánar að hugsun okkar og viðleitni, þá rekumst við alltaf á það kæra sjálf sem enginn friður er fyrir; og það er af því sem allar athafnir okkar ráðast, ekki hinu stranga boði skyldunnar sem oft krefst sjálfsafneitunar. Maður þarf ekki að vera fjadmaður dyggðarinnar heldur einungis að vera yfirvegaður athugandi, sem villist ekki á hinni eindregnustu ósk eftir hinu góða og því að hún rætist, til að draga stundum í efa (sértaklega þegar árin færast yfir og maður hefur vitkæzt af reynslu og dómgreindin skerpzt við athugun) að í rauninni fyrirfinnist sönn dyggð í veröldinni.“

„Og hér getur ekkert verndað okkur gegn því að bregðast algerlega hugmyndum okkar um skyldu né varðveitt í sálinni grundaða virðingu fyrir lögmáli skyldunnar nema skýr sannfæring um að jafnvel þótt aldrei hafi verið unnin verk af svo hreinum hvötum, þá sé ekki verið að spyrja um það hér, hvort eitthvað hefur átt sér stað eða ekki, heldur hitt, hvort skynsemin ein og óháð öllum staðreyndum býður hvað gera skuli; þess vegna krefjast skynsemin án afláts verka sem ef til vill engin dæmi eru til um áður, verka sem sá er reisir allt á reynslu myndi jafnvel vilja draga mjög í efa að væru gerleg. Til dæmis sé hægt að krefjast fullkomins hreinlyndis af hverjum manni í vináttu þótt enginn hreinlyndur vinur hafi nokkru sinni verið til, af því að þessi skylda eins og skylda yfirleitt, óháð allri reynslu, er fólgin í Hugmyndinni um skynsemi sem stýrir viljanum með a priori ástæðum.“

„[Við] getum ekki neitað að siðalögmálið er svo víðtækt að það gildir ekki einungis fyrir menn heldur allar skynsemisverur yfirleitt, og ekki aðeins við ákveðnar aðstæður sem ráðast af tilviljun og með undantekningum heldur öldungis ófrávikjanlega.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 119-121.)

„Því vitundin um skyldu og yfirleitt um siðalögmálið, hrein og ómengað af öllum annarlegum hvötum reynslunnar, hefur áhrif á mannshjartað fyrir atbeina skynseminnar einnar (sem kemst að raun um það í fyrsta skipti að hún getur líka verið verkleg skynsemi), áhrif sem eru svo miklu sterkari en allar aðrar driffjadrir sem sækja má af sviði reynslunnar að skynsemin, í vitund um eigin göfgi, fyrirlítur þær og getur smátt og smátt náð tökum á þeim. Á hinn bóginn hlýtur sú siðfræði, sem slær saman driffjörðum úr tilfinningum og hneigðum við hugtök skynseminnar, að valda því að hugurinn reikar milli hvata sem ekki má fella undir nokkurt lögmál og geta fyrir hendingu komið góðu til leiðar en oft einnig illu.“

„[Ö]ll siðferðishugtök eiga sér stað og uppruna algerlega a priori í skynseminni, og í þessu efni er enginn munur á alþýðlegustu skynsemi og þeirri sem djúphyggust er; þau verða ekki sótt í neina reynsluþekkingu sem er tilviljunum háð.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s.124-125.) (Common sense, almennt hyggjuvit.)

„Ef athöfin er einungis góð sem tæki til einhvers annars er skylduboðið skilorðsbundið; ef litið er á athöfnina sem góða í sjálfri sér og þess vegna sem nauðsynlega fyrir vilja sem í sjálfum sér er í samræmi við skynsemi, þ.e. sem reglu viljans, þá er skylduboðið skilyrðislaust.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 130.)

„Kant skilgreinir dyggð sem „siðferðilegan viljastyrk mannsins til að inna skyldu sína af hendi „(6:405) og löst eðli sínu samkvæmt ósið (6:390). Þessi skilgreining Kants virðist öndverð hinum sígilda skilningi. Það á til að mynda við um skilning Aristótelesar í mörgu tilliti.“ (Robert N. Johnson. Kant's Moral Philosophy. Stanford Encyclopedia of Philosophy, April 6, 2008.)

*Frelsi (sjálfræði, sjálfstæði, sjálfsstjórn, félagslegt taumhald) og vilji (freedom, liberty, will, Wille, social regulation, conformity):*

Frelsi, þ.e. hið frjálsa val til athafna, er lykilorð í hugsun IK um siðferði. Heilræði hans var; breyttu þannig, að þú getir hugsað þér, að aðrir breyti gagnvart þér á sama hátt, þ.e. að breytnina megi umgera að algildu siðalögmáli. IK hélt því fram, að hlýðni við lögmálið yrði best tryggt, ætti gerandinn aðild að smíði þess. Hlýðni við siðalögmálin skyldi vera skilyrðislaus, án tillits til afleiðinga ellegar eigin hagsmuna. Eðli mannsins býður honum að fylgja siðalögmálum.

Kant hélt því ævinlega fram: „að siðbundin þörf vor til að láta í ljósi sjálfvaldið væri ósamrýmanleg hvers konar stýringu. Enginn er þess umkominn að segja oss í hverju siðferði er fólgið eða hefur til þess vald. Það á við um granna vora, yfirvöld og lög þeirra og jafnvel þá, sem segjast tala á Guðs vegum.“

„Þar eð lífið er oss í sjálfsvald sett eignum við heimtingu á lífsrými, þar sem vér getum óáreitt um frjáls höfuð strokið. Slíkt frelsi er ekki sérréttur tiltekinna stéttar. Gerð samfélagsins skyldi draga dóm af jafnri siðhæfni allra þátttakenda.“ (J.B. Sneewind. *Autonomy, obligation, and virtue: An overview of Kant's moral philosophy*. Paul Guyer (ritstj.). *The Cambridge Companion to Kant*. Cambridge University Press, 1992, s. 310.)

„Það verður að ganga að því vísu að frelsi sé eiginleiki sem vilji allra skynsemisvera hafi.“ (Immanuel Kant. *Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni*. Hib, Rvk. 2003, s. 181.)

„Frelshugtakið er lykillinn að skýringu á sjálfræði viljans.“ (Immanuel Kant. *Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni*. Hib, Rvk. 2003, s. 179.)

„Sjálfræði er [...] grundvöllur þeirrar göfgi sem manneðlið og allt skynsamlegt eðli hefur til að bera.“ (Immanuel Kant. *Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni*. Hib, Rvk. 2003, s.163.)

„Skynsemisvera hlýtur að líta þannig á sig að hún setji lög [...] vegna frelsis viljans [...] einungis ef hún er fullkomlega sjálfstæð vera sem einskis þarfnast og hefur ótakmarkaðan og viðeigandi mátt fyrir vilja sinn.“ (Immanuel Kant. *Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni*. Hib, Rvk. 2003, s. 160.)

„Viljinn er hugsaður sem máttur til að ákvarða athafnir sínar í samræmi við vitundina um tiltekin lögmál, og slíkan mátt er aðeins að finna í skynsemisverum.“ (Immanuel Kant. *Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni*. Hib, Rvk. 2003, s. 150.)

„Vilji er tegund orsakavalds sem lifandi verur hafa að svo miklu leyti sem þær eru skynsamar. Viljinn er frjáls að því leyti sem hann getur beitt þessu valdi án þess að ráðast af framandlegum orsökum. Skynlausar verur lúta hins vegar náttúrulegri nauðsyn þar sem atferli ræðst af framandlegum orsökum.“ (Immanuel Kant. *Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni*. Hib, Rvk. 2003, s. 179.)

*Um lög (law):*

„Kjarninn í siðspeki Kant er sú afstaða hans, að maðurinn búi yfir frjálsum vilja. Hún er lykillinn að réttlætingu þess, að beygjum okkur undir siðferðiskröfur - og skilningi þessa. Það var skilningur Kants á sama hátt og Rousseaus – sem hafði áhrif á Kant – að frelsi

fælist ekki í lagaleysi heldur í hlýðni við lög, sem einstaklingurinn hefur átt einhvers konar hlutdeild í að semja.

Þessi hugmynd um frelsi sem sjálfsvald eða sjálfræði er víðtækari en svonefnt „neikvætt“ frelsi, þ.e. að vera laus við ytri afskipti af hegðun okkar. Hún felur fyrst og fremst í sér þá hugsun, að hver einstakur komi að samningu laga. Í ljósi þessa er sjálfgefni krafan um óskipta löghlýðni hlutaðeigandi. (Robert N. Johnson. Kant's Moral Philosophy. Stanford Encyclopedia of Philosophy, April 6, 2008.)

*Um ríki og alþjóðatengsl (state, international relations):*

„Kant kemur auga á þær ógnir og ofbeldi, sem ríkja við aðstæður í náttúrunni [líf án ríkisstofnunar – mitt innskot]. Rök hans fyrir ríkisstofnun hníga ekki í þá átt að losna undan ofangreindum óþægindum. Ó nei, gild rök eru einungis hins skilyrðislausa skylduboðs: „Allir menn, sem eiga þess kost að stofna til samskipta á grundvelli laga og réttar,“ segir hann, „skulu gera svo.“ – „Þennan skilning yfirfærir Kant til hins alþjóðlega sviðs.“ –

„Siðvitið gefur til kynna magnþrungið neitunarvald: Stríð skulu ekki eiga sér stað, því réttur verður ekki sóttur í stríði – hvort heldur sem er millum þín og mín við náttúrulegar aðstæður eða millum ríkja. Enda þótt þau séu bundin lögum innbyrðis ríkir lögleysa milli þeirra. Að dómi Kants er „almenn friðartrygging til frambúðar“ hið „endanlega og æðsta takmark“ réttarhugsunarinnar.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie 2. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 630 – lausleg þýðing er mín.)

„Kant setti sér það verkefni að leita réttlætningar á framfaratrúnni og bjartsýni um framtíð mannkynsins. Þá réttlætningu fann hann í frönsku byltingunni. Hinn góði vilji sem birtist í frönsku byltingunni er söguleg vísbending [...] um að framfarir mannkyns birtist áþreifanlega í réttlátara stjórnarfari.“

„Í Gagnrýni dómgreindarinnar [segir]: Þróun menningarinnar leiðir til þess að kjör manna verða misjöfn. Þjóðfélagið skiptist í stéttir. Kúgararnir og hinir kúguðu stríða. Með vinnu sinni gera hinir kúguðu forréttindastéttunum kleift að helga sig vísinda- og listastörfum, á meðan þeir sökkva sjálfir niður í vonlausa armæðu. Eigi menningin að geta náð marki sínu, þróun og útbreiðslu allra hæfileika mannkyns til fullkomunnar, verður að vinna bug á þessu ástandi. Kant lítur á frönsku byltinguna sem skref í rétta átt. Með allt þessa í huga berst Kant fyrir alþjóðlegu réttarkerfi og friði.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. (Stefán Hjörleifsson þýddi.) Háskólaútgáfan 1999, s. 444.)

„Samskipti manna, þar sem eins margir og kostur er njóta frelsis, er kjörsamfélagið að dómi Kants. Frelsi, segir Kant, „er það að vera óháður þrúgandi vilja annarra. Frelsið er hinn einasti sjálfgefni réttur manna við fæðingu, að svo miklu leyti sem allir megi njóta þess á grundvelli almennra laga. Því allir eiga sama rétt til sjálfstæðis, það er að vera ekki seldur undir vilja annarra, nema að því marki sem gagnkvæm skuldbinding nær.““ – „Sjá má, hvernig stjórnspeki Kants grundvallast á siðfræði hans.“ - (Anfinn Stigen. Tenkningens historie 2. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 634 – lausleg þýðing er mín.)

„Meðal lykilatriðanna í stjórnspekikenningu Kants er hugmyndin um sjálfstætt gildi einstaklingsins. Þetta gildi byggist samkvæmt kenningu Kants á forskilvitlegu frelsi einstaklingsins, það er að segja hæfileika hans til að setja sjálfum sér siðferðileg lög og til að fylgja þessum lögum. Í þessu felst meðal annars að allir eru í raun og veru jafnir. Löggjöf og stjórnarstofnanir eiga að stuðla að frelsi og jöfnuði.“ – Það er: „algjört grundvallaratriði að aldrei megi brjóta rétt á einstaklingum.““

Kant fékk: „að láni eina af mikilvægustu hugmyndum Rousseus: Sá maður er frjáls sem hlýðir þeim lögum er hann hefur sett sér sjálfur.“

„[F]rumregla hins opinbera réttar [er]: Þú skalt leggja náttúruástandið að baki og taka þátt í réttarríkinu þar sem almenn lög ríkja.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. (Stefán Hjörleifsson þýddi.) Háskólaútgáfan 1999, s. 442.)

*Um hamingju og velgjörð (wellbeing well-being, beneficence):*

„[E]igin hamingja er hið náttúrulega markmið sem allir menn stefna að. Nú gæti mannkynið eflaust komið af þótt enginn legði neitt af mörkum til hamingju annarra en forðaðist um leið að skaða hana vísvitandi.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 155.)

„Einu markmiði má [...] ganga að vísu hjá öllum skynsemisverum [...] af náttúrulegri nauðsyn, og það er hamingjan. ... [Þ]essi tilgangur heyrir til innsta eðli hans. Nú má kalla hæfileikann til að velja þær leiðir sem valda mestri velferð manns sjálfs hyggindi í þrengsta skilningi orðsins. Þannig er skylduboð um leiðir að eigin hamingju, þ.e. hyggileg fyrirmæli, samt sem áður ævinlega skilorðsbundið; ekki er mælt fyrir um athöfnina fortakslaust heldur sem leið að öðru markmiði.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 132.)

„[E]inungis lögmál fela í sér hugtakið skilyrðislaus og samt hlutlæga og því algilda nauðsyn; og boð eru lögmál sem verður að hlýða, jafnvel gegn öllum hneigðum. Ráð kveða að vísu á um nauðsyn, en hún gildir einungis undir huglægum og tilfallandi kringumstæðum, því hvort þessi eða hinn maðurinn telur þetta eða hitt hluta hamingju sinnar.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s.133.)

„Það er fullkomlega óleysanlegur vandi að ákveðja svo að fullvíst og algilt sé hvaða athöfn muni auka hamingju skynsemisveru; og af þessu leiðir að í þessu tilliti er ekkert boð hugsanlegt sem getur í strangasta skilningi mælt fyrir um það sem gerir okkur hamingjusöm, vegna þess að hamingja er hugsjón ímyndunarinnar en ekki skynseminnar, hugsjón sem hvílir einungis á reynslu, og athöfn sem ræðst af reynslurökum getum við aldrei vænt að hafi í reynd óendanlega rök afleiðinga.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 136-137.)

„En lögmálið um eigin hamingju er ekki ógeðfældast [reynslureglna], vegna þess að reynslan mælir gegn því að vellíðan lagi sig eftir réttri breytni eins og lögmálið lætur í veðri vaka; og það er ekki heldur vegna þess að það leggur ekkert af mörkum til siðferðis, þar sem það er annað að gera mann hamingjusaman en að gera hann góðan, og það er líka tvennt ólíkt að gera mann hygginn og laginn við að leita eign hags og að



gera hann dyggðugan.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s.173-174.)

Heimspeki IK er vegin og metin undir sjónarhorni kvenspekinga. Onora O'Neill gefur hamingjuhugtaki hans eftirfarandi umsögn:

„Hugtak Kants um velgjörð er andföðurlegt í ljósi þeirrar skyldu að „hamingja felst ævinlega í því að stuðla að og þiggja hlutdeild í (markmiðum) annarra“, en þó ekki að gera þau að sínum.“ Onora O'Neill. *Constructions of reason: Explorations of Kant's philosophy*. Paul Guyer (ritstj.). *The Cambridge Companion to Kant*. Cambridge Univ. Press 1995, s. 116 – lausleg þýðing er mín.)

*Vinátta (friendship):*

„Að dómi Aristótelesar er dyggðug vinátta hið fullkoma samband manna í millum. Í vináttunni veita tveir siðprúðir menn hvorum um sig hlutdeild í lífi og starfi. Sérstök áhersla er lögð á hið dyggðuga, sem gerir lífið ómaksins vert [...].“

Kant telur vináttuhugsjónina fela í sér „sameiningu tveggja í gagnkvæmri ást og virðingu.“ Þessi tvö grundvallarviðhorf eiga sér rætur í siðgerð vorri og birtast sem sjálfsprottin kennd [...].

Það er dæmigert, að Aristóteles telji slíkt samband stafi af dyggð, þegar Kant hins vegar telur, að skyldan bjóði að til þess skuli stofnað. Aristóteles kennir okkur, að vináttan sé „ekki einasta nauðsynleg heldur göfug“ [...]. Og Kant bergmálar: „Vináttan [...] er runnin undan rótum skynseminnar og skipar því sérstakan sess.“ Christine Korsgaard. *Creating the Kingdom of Ends*. Paul Guyer (ritstj.). *The Cambridge Companion to Kant*. Cambridge Univ. Press. 1996, s. 190 – lausleg þýðing er mín.)

*Um hneigðir, ástríður og kenndir/tilfinningar (instinct, need, impulse, motiv, impression, passion, emotion, feeling):*

„Því fer svo fjarri að hneigðirnar sjálfar sem rætur þarfanna hafi skilyrðislaust gildi sem geri þær eftirsóknarverðar í sjálfum sér, að það hlýtur að vera algild ósk hvorrar einustu skynsemisveru að vera algerlega laus við þær.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s.151-152.)

*Um sálfræði og mannfræði (psychology, social anthropology, ethnology):*

Immanuel Kant taldi skýringar á hneigðum, kenndum og geðshræringum, falla undir raunvísindalega sálfræði, en skoðum á breytni manna undir verklega mannfræði.

Heimspekin fjallar um „hugmyndina um mögulegan hreinan vilja og lögmál hans en ekki athafnir og skilyrði mannlegs vilja yfirleitt, sem eru að mestu leyti sálfræðilegt viðfangsefni.“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 94.)

„Það er heldur enginn þörf á að rannsaka á hverju tilfinningarnar yndi og óbeit byggjast, hvernig ástríður og hneigðir vaxa af þessu tilfinningum og hvernig lífsreglur verða til úr þeim og samstarfi þeirra og skynseminnar. Allt þetta heyrir undir

raunvísindalega sálarfræði [...].“ (Immanuel Kant. Grundvöllur að siðfræði siðlegrar breytni. Hib, Rvk. 2003, s. 150.)

*Um stærðfræði (mathematics).*

IK taldi stærðfræðina vera vísindi hinnar hreinu skynsemi, af nauðsyn sanna í sjálfri sér, firrta mótsögnum. Flatarmálsfræði og reikning lagði hann nánast að jöfnu við rúm og tíma - í sinni tærustu mynd. Síðar hafa að minnsta kosti tvenns konar mótsagnafirrt flatarmálsfræði verið nefnd til sögu. Skilgreining í stærðfræði felur í sér visku við sköpun hugtaka, sem þá verða óhjákvæmilega gild í sjálfum sér.

*Um stjörnufræði og rannsóknir (astrology, research):*

„Um þrítugt setur IK fram hina frægu kenningu sína um uppruna sólkerfisins. Á grundvelli kenningasmíða sinna í eðlisfræði bendir hann á, að það kunní að hafa orðið til úr hvirfilkenndri gasþöku [...].“

„Kant sýnir því mikinn áhuga, að flókin fyrirbæri innan eðlis- og stjörnufræði virðast eiga sér skýringu í einföldum lögmálum. Þetta hafði meðal annarra leitt Newton til að trúá því, að heimurinn lyti stjórnar skapandi Guðs.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie 2. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 635 – lausleg þýðing er mín.)

Kant segir, að „athugandinn virði fyrir sér fyrirbærin eins og hefðu þau tilgang,“ rétt eins og þau væru hluti áætlunar. Þetta merkir þó ekki, að athugandinn megi hrapa að þeirri ályktun, að um baktjaldastjórnun sé að ræða, hvað þá tilgang eða markmið. Frekar er um að ræða eins konar sýndartilgang.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie 2. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 639 – lausleg þýðing er mín.)

*Um listir og fagurfræði (art, aesthetics):*

Á síðmiðöldum er Immanuel Kant sá fyrsti, sem felldi hugmyndir um list inn í heimspekikerfi sitt í ritinu „Gagnrýni dómgreindarinnar,“ sem útkom 1790. Eins og önnur speki IK grundvallast hugsanir hans um list og smekk m.a. á tveim grundvallarhugtökum, þ.e. hlutveruleikanum (Ding an Sich), sem aldrei verður hugtekinn, annars vegar, og hins vegar heimi fyrirbæranna (Ding an Mich), veröldin eins og hún birtist okkur í skilningarvitunum.

Kant lagði einkum áherslu á áferð, gerð, snið og smíði listaverksins, samræmi og samhljómur væru þar aðalatriði. Þægilegar tilfinningar, sem listaverkið vektí, hefðu síður gildi.

„Kant segir að fegurðarskynið sé óháð hugtökum. Engu að síður lýtur smekkur manna ákveðnum reglum.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. (Stefán Hjörleifsson þýddi.) Háskólaútgáfan 1999, s. 445.)

Kröfur til gildra smekksdóma; þeir skulu vera huglægir, algildir, ótilætlaðir og óblendnir (disinterested), þ.e. hið skynjaða viðfang er einstakt sem slíkt, en skynjun þess bergmálar þó í því, sem talin er algild, sammannleg skynjun. Þannig hefur smekksdómurinn algildi, hið fagurfræðilega gildi er sjálfstætt sem slíkt, hefur hvorki siðferðilega né stjórnmálalega skírskotun. Skynjun hins fagra er ánægjuleg.

Mannshugurinn er skapandi, snilligáfan ásköpuð, en þroskun hennar krefst smekks, þjálfunar og kunnáttu.

IK leggur sérstaka áherslu á gerð listaverksins eða samsetningu (composition), samræmi og skýrleika, sem honum þótti veita ánægju í sjálfu sér (intrinsic), gefa skilningi og ímyndunarafli lausan tauminn. Hræringar, sem listaverkið veitti hugsanlega innra með honum, væru ásættanlegar, en gáfu listaverkinu ekkert sérstakt (fegurðar)gildi, þar eð þær væru einstaklingsbundnar en ekki sammannlegar.

„Í sígildri fagurfræði er kerfisbundið sniðgengið að skoða, hvernig tónlist hljómar og hvaða kenndir hún vekur. Ei heldur velt vöngum yfir fegurð hennar. Í bók sinni, „Gagnrýni dómgreindarinnar,“ færir Kant rök að þessari útlökun. Hún á sér stað í skilgreiningu hans á „hinu fagra,“ fyrirbæris, er felur í sér skírskotun um algildi.“ (Bruce Baugh. Prolegoment to any Aesthetics of rock music. The journal of aesthetics and art criticism, vol 51, no. 1 (winter, 1993), pp. 23-29.)